


# NORÐURLAND VESTRA

Stöðugreining 2019





20.03.2020

Ritstjórn: Laufey Kristín Skúladóttir.

Aðrir höfundar efnis: Sigurður Árnason, Jóhannes Finnur Halldórsson, Einar Örn Hreinsson, Anna Lea Gestsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Þorgrímsdóttir, Anna Lilja Pétursdóttir og Snorri Björn Sigurðsson.

ISBN: 978-9935-9503-5-2



BYGGÐASTOFNUN

# Norðurland vestra

## Stöðugreining 2019

### Efnisyfirlit

Inngangur.....	6	5.4 Opinber störf.....	28
1. Norðurland vestra, staðhættir og sérkenni .....	7	6. Önnur þjónusta .....	31
1.1 Um svæðið.....	7	6.1 Verslun .....	31
1.2 Íbúabéttleiki.....	8	6.2 Ýmis þjónusta.....	31
1.3 Mannfjöldapróun .....	9	6.3 Ferðaþjónusta .....	32
1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli .....	10	7. Landbúnaður .....	35
1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting .....	11	7.1 Kjötframleiðsla.....	35
1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun .....	13	7.2 Fjöldi búpenings .....	35
2. Menntun .....	15	7.3 Fjöldi bóa .....	36
3. Efnahagspróun .....	17	7.4 Greiðslumark .....	36
3.1 Tekjur.....	17	7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús .....	38
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka .....	18	8. Sjávarútvegur .....	40
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur .....	18	8.1 Fiskveiðar .....	40
3.4 Fasteignaverð .....	19	8.2 Uppsjávarafli.....	41
4. Samgöngur .....	22	8.3 Úthlutaðar aflaheimildir.....	42
4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir .....	22	9. Stoðkerfi .....	43
4.2 Almenningsamgöngur .....	23	9.1. Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar .....	43
4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða .....	23	9.2. Sóknaráætlun .....	43
4.4 Gagnaflutningar .....	24		
5. Opinber þjónusta .....	26		
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	26		
5.2 Löggæsla og sýslumaður og héraðsdómur .....	26		
5.3 Orkukostnaður .....	27		

## Myndayfirlit

Mynd 1 Norðurland vestra .....	7
Mynd 2 Skipting mannfjöldans á svæði 2019 .....	8
Mynd 3 Íbúafjöldi Norðurlands vestra á ferkílómetra 2019 .....	8
Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum .....	9
Mynd 5 Breyting á íbúafjölda Norðurlands vestra í samanburði við landið allt 1998-2019 .....	9
Mynd 6 Norðurland vestra, hlutfall af íbúum landsins .....	10
Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Norðurlandi vestra .....	10
Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Norðurlandi vestra eftir svæðum 1998-2018 .....	10
Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra 1998-2019 .....	11
Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Norðurlandi vestra 1998-2019 eftir sveitarfélögum .....	11
Mynd 11 Þróun aldursdreifingar karla á Norðurlandi vestra 1998-2019 .....	12
Mynd 12 Þróun aldursdreifingar kvenna á Norðurlandi vestra 1998-2019 .....	12
Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Norðurlandi vestra 1998-2019 ..	12
Mynd 14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra árið 2019 .....	12
Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Norðurlandi vestra 1998-2018 .....	13
Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Norðurlandi vestra 1998-2018 eftir sveitarfélögum .....	13
Mynd 17 Fæðinga- og dánartíðni á Norðurlandi vestra 1998-2017 .....	14
Mynd 18 Náttúruleg fjölgun á Norðurlandi vestra 2008-2017 eftir sveitarfélögum .....	14
Mynd 19 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi .....	14
Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018 .....	15
Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Norðurlandi vestra 2018 .....	15
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018 .....	16
Mynd 23 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Norðurlandi vestra 25-64 ára 2018 .....	16

Mynd 24 Útvarsstofn á mann á Norðurlandi vestra 2008-2017 á verðlagi ársins 2017 .....	17
Mynd 25 Fjármagnstekjur á mann á Norðurlandi vestra 2008-2016 á verðlagi ársins 2017 .....	17
Mynd 26 Atvinnutekjur á mann á Norðurlandi vestra 2008-2017 á verðlagi ársins 2017 .....	17
Mynd 27 Atvinnuleysi karla á Norðurlandi vestra ágúst 2008 til maí 2019 .....	18
Mynd 28 Atvinnuleysi kvenna á Norðurlandi vestra ágúst 2008 til maí 2019 ..	18
Mynd 29 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018 .....	19
Mynd 30 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018 .....	19
Mynd 31 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Norðurlandi vestra 2014 - 2018 .....	20
Mynd 32 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Norðurlandi vestra árið 2017 .....	20
Mynd 33 Lögheimili eigenda íbúða á Norðurlandi vestra 2017 .....	21
Mynd 34 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra 1995 – 2018 ..	21
Mynd 35 Helstu vegir á Norðurlandi vestra .....	22
Mynd 36 Grunnnet samgangna .....	22
Mynd 37 Hafnir á Norðurlandi vestra .....	23
Mynd 38 Leiðakerfi Strætó bs. á landsbyggðinni 2019 .....	23
Mynd 39 Vinnusóknarsvæði á Norðurlandi vestra .....	24
Mynd 40 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019 .....	25
Mynd 41 Sjúkrahús og heilsugæsla í landshlutanum .....	26
Mynd 42 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019 ..	27
Mynd 43 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	27
Mynd 44 Þróun orkukostnaðar á Norðurlandi vestra í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018 .....	28
Mynd 45 Dagvöruverslanir á Norðurlandi vestra .....	31
Mynd 46 Yfirlit yfir þá staði sem íbúar sækja þjónustu .....	32
Mynd 47 Gistinætur á Norðurlandi vestra 2008 – 2018 eftir svæðum .....	32
Mynd 48 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir mánuðum 2018 .....	33
Mynd 49 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir þjóðerni 2012 .....	33
Mynd 50 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir þjóðerni 2018 .....	33
Mynd 51 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018 .....	34
Mynd 52 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018 .....	34
Mynd 53 Kjötframléiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018 .....	35

Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018 .....	37
Mynd 55 Greiðslumark sauðfjár á Norðurlandi vestra 2018 .....	37
Mynd 56 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018 .....	38
Mynd 57 Greiðslumark mjólkur á Norðurlandi vestra 2018 .....	38
Mynd 58 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019 .....	39
Mynd 59 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir helstu löndunarhöfnum á Norðurlandi vestra .....	40
Mynd 60 Ráðstöfun afla á Norðurlandi vestra .....	40
Mynd 61 Afli í uppsjávartegundum á Norðurlandi vestra.....	41
Mynd 62 Ráðstöfun uppsjávarafla á Norðurlandi vestra .....	41
Mynd 63 Úthlutaðar aflaheimildir á Norðurlandi vestra .....	42
Mynd 64 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Norðurlandi vestra eftir stöðum án uppsjávartegunda .....	42

## Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1998-2019.....	9
Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019 .....	11
Tafla 3 Vegalengdir á Norðurlandi vestra 2019.....	24
Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	27
Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Norðurlandi vestra í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum .....	28
Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018.....	29
Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum.....	29
Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum ....	29
Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum .....	29
Tafla 10 Dagvöruverslanir á Norðurlandi vestra eftir sveitarfélögum 2019 ....	31
Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum .....	36
Tafla 12 Fjöldi búa á Norðurlandi vestra og á landinu öllu 2009-2017.....	36
Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Norðurlandi vestra .....	40

## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2019 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2014 með nokkrum viðbótum og breytingum. Í stöðugreiningunni er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt með stuttum og lýsandi texta þannig að yfirsýn fái fljótt og að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Stöðugreiningin er lýsing á stöðu hvers landshluta fyrir sig. Einskonar ljósmynd af stöðunni eins og hún birtist núna. Stöðugreining 2019 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Greiningin verður ekki gefin út á pappír.

Í stöðugreiningunum er leitast við að nota nýjustu gögn sem völ er á. Mikið af gögnunum sem greiningin byggir á eru fengin frá Hagstofu Íslands, bæði opin gögn og gögn fengin með sérvinnslu. Einnig er notast við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá ásamt öðrum fagstofnunum líkt og Fiskistofu, Matvælastofnun og Ríkisskattstjóra.

Breyting er á framsetningu einstakra kafla frá stöðugreiningunni 2014 í takt við þá þróun sem orðið hefur. Uppbygging stöðugreininganna er eins fyrir alla landshluta og byggja á sambærilegum gögnum. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.


Þess er vænst að þessi samantekt gagnist sveitarfélögum og landshlutum við stefnumótun og öðrum sem láta sig byggðapróun í landinu varða á lands- og landshlutavísu og á sveitarstjórnarstigi.

Laufey Kristín Skúladóttir

# 1. Norðurland vestra, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Um svæðið

Svæði sóknaráætlunar Norðurlands vestra nær frá Stikuhálsi á milli Bitrufjarðar og Hrutafjarðar, austur um Húnavatnssýslur og Skagafjörð að Tröllaskaga. Sóknaráætlunarsvæði Norðurlands vestra er samfallandi starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV. Á svæðinu bjuggu rúmlega 7.200 þann 1. janúar 2019 sem skiptist niður á sjö sveitarfélög. Fjölmennast er Sveitarfélagið Skagafjörður með tæplega 4.000 íbúa en fámennast Skagabyggð með 90 íbúa. Önnur sveitarfélög á svæðinu eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, Sveitarfélagið Skagaströnd og Akrahreppur.



Mynd 1 Norðurland vestra

<sup>1</sup> Vífill Karlsson, [Deigla: rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna tbl.1 2019](#)

Sögulega hefur Norðurland vestra byggst mikið á landbúnaði og úrvinnslu tengdri honum. Sjávarútvegur er einnig nokkuð sterkur auk iðnaðar og fjölda opinberra starfa. Athygli vekur í könnun meðal fyrirtækja að þörf virtist ekki mikil fyrir menntað vinnuafli eða með sérstaka færni. Þá er þjónustusókn íbúa Norðurlands vestra afar mismunandi eftir því hvar fólk býr.

Í nýlegri könnun<sup>1</sup> meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni segir í niðurstöðukafli um Norðurland vestra:

*„Hugur fyrirtækjanna á Norðurlandi vestra til mannaáðninga, sérstaklega í V-Hún, var einn tveggja styrkleika landshlutans þar sem þeir höfnuðu í efsta sæti að þessu leyti.*

*Þá voru fyrirtæki í V-Hún næstbjartsýnust þegar spurt var út í horfur í efnahagsmálunum en hin landsvæðin tvö í landshlutanum voru meðal þeirra svartsýnustu.*

*En veikleikarnir voru fleiri en styrkleikarnir í þessum landshluta. Þar var þörfin minnst fyrir menntað vinnuafli og sérstaka færni einnig. Einnig var vinnuafli svægi lægst í landshlutanum sem og viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki.*

*Hins vegar voru viðskipti við ferðamenn næstlægst meðal landshluta, sem og tekjur af menningu og listum, afkoma til skemmri og lengri tíma og væntingar um þróun tekna fyrirtækjanna.“*

Í Þjónustukönnun<sup>2</sup> sem gefin var út á árinu 2016 kemur fram að:

*„Íbúar á Sauðárkróki sóttu meirihluta þjónustunnar sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Sauðárkróki. Þjónustusókn íbúa sem búsettir eru í dreifbýli Skagafjarðar dreifist mun meira en íbúa á Sauðárkróki, en rétt rúmlega helmingur þjónustubátta voru sóttir til Sauðárkróks.*

<sup>2</sup> Sigríður Elín Þórðardóttir, [Þjónustukönnun Norðurland vestra.](#)

Íbúar á Skagaströnd sóttu um helming þjónustupátta til fyrirtækja og stofnana á Skagaströnd og Blönduósi, mun fleiri þjónustupættir voru sóttir til höfuðborgarsvæðisins en til Akureyrar.


Íbúar á Blönduósi sóttu um sex af hverjum tíu þjónustupáttum í könnuninni til fyrirtækja og stofnana á Blönduósi og um fimmtung til höfuðborgarsvæðisins. Ekki kom fram marktækur munur á þjónustusókn íbúa sem voru búsettir í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu og íbúa á Blönduósi. Sá munur sem þó kom fram bendir til þess íbúar í dreifbýli Austur-Húnavatnssýslu hafi sótt fleiri þjónustupætti til Sauðárkróks og Akureyrar en íbúar á Blönduósi.

Íbúar á Hvammstanga sóttu meirihluta þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Hvammstanga og rúmlega fimmtungur þjónustunnar sem spurt var um var sótt til höfuðborgarsvæðisins. Ekki kom fram marktækur munur á þjónustusókn íbúa sem voru búsettir í dreifbýli Vestur-Húnavatnssýslu og íbúa á Hvammstanga. Um þriðjungur svarenda sótti vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.“

## 1.2 Íbúapéttleiki


Norðurlandi vestra er skipt niður í þrjú svæði. Það eru Húnaþing vestra, Austur Húnavatnssýsla og Skagafjörður. Um 58% íbúanna búa í Skagafirði, ríflega fjórðungur í Austur Húnavatnssýslu og um 16% í Húnaþingi vestra.

Skagafjörður er jafnframt þéttbýlastur með 0,76 íbúa á ferkílómetra. Húnavatnssýslurnar eru með um 0,4 íbúa á ferkílómetra. Að meðaltali eru um 0,55 íbúar á ferkílómetra á Norðurlandi vestra sem gerir landshlutann að strjálbýlasta landshluta landsins. Til samanburðar var íbúafjöldi á ferkílómetra á höfuðborgarsvæðinu 218 og um 33 á Suðurnesjum.



Mynd 2 Skipting mannfjöldans á svæði 2019


Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 3 Íbúafjöldi Norðurlands vestra á ferkílómetra 2019

Heimild: Hagstofa Íslands og Bygðastofnun





Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Bygðastofnun

### 1.3 Mannfjöldapróun

Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði um 1.025 frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019. Íbúum fækkaði í öllum sveitarfélögum á svæðinu á tímabilinu. Fækkunin var 325 í Sveitarfélaginu Skagafirði, 231 í Húnaþingi vestra, 177 í Húnavatnshreppi, 176 í Sveitarfélaginu Skagaströnd og 98 í Blönduósbæ.

Á sama tímabili fjölgaði íbúum landsins um ríflega 30% og lækkaði því hlutfall íbúa á Norðurlandi vestra af heildaríbúafjölda landsins nokkuð skarpt á tímabilinu, úr ríflega 3% fyrir 20 árum niður í 2%.


Körlum fækkaði meira en konum. Í upphafi tímabilsins voru þeir 218 fleiri en í upphafi árs 2018 voru karlarnir aðeins 19 fleiri en konur. Í upphafi árs 2019 hafði munurinn aukist á ný.

Veruleg fjölgun varð á fjölda erlendra ríkisborgara. Í Húnaþingi vestra fór hlutfallið úr ríflega 3% í 7%. Í Austur Húnavatnssýslu fór hlutfallið úr 1% í 7% og í Skagafirði úr 1% í 5,5%.

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1998-2019


	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	Breyting
Húnaþing vestra	1.412	1.321	1.279	1.267	1.212	1.177	1.160	1.181	-231
Húnavatnshreppur	548	508	490	465	431	405	403	371	-177
Blönduóssbær	1.037	993	953	892	882	878	865	939	-98
Svf. Skagaströnd	628	612	582	532	519	506	489	452	-176
Skagabyggð	91	105	97	96	106	100	109	90	-1
Svf. Skagafjörður	4.317	4.191	4.181	4.083	4.131	4.010	3.902	3.992	-325
Akrahreppur	219	230	230	222	209	195	200	202	-17
<b>Samtals</b>	<b>8.252</b>	<b>7.960</b>	<b>7.812</b>	<b>7.557</b>	<b>7.490</b>	<b>7.271</b>	<b>7.128</b>	<b>7.227</b>	<b>-1.025</b>

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 5 Breyting á íbúafjölda Norðurlands vestra í samanburði við landið allt 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 6 Norðurland vestra, hlutfall af íbúum landsins

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Norðurlandi vestra eftir svæðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Norðurlandi vestra

Heimild: Hagstofa Íslands


## 1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli

Íbúum fækkaði í öllum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra á tímabilinu 1998-2019. Ef þróunin er greind niður á dreifbýli og þéttbýli innan sveitarfélaga sést að aðeins í Varmahlíð, Hólum í Hjaltadal og dreifbýli í Blönduósbæ fjölgaði íbúum á tímabilinu. Þróunin er þó ekki línuleg niður á við þar sem íbúum í Húnafingi vestra, Blönduósbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi fjölgaði frá ársbyrjun 2016 til ársbyrjunar 2019. Munar þar mestu um fjölgun í þéttbýli á þessum stöðum.

Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019


	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	breyting	breyting
<b>Húnaþing vestra</b>	<b>1.412</b>	<b>1.321</b>	<b>1.279</b>	<b>1.267</b>	<b>1.212</b>	<b>1.177</b>	<b>1.160</b>	<b>1.181</b>	<b>-231</b>	<b>-16,4%</b>
Hvammstangi	642	588	583	593	579	546	545	573	-69	-10,7%
Laugarbakki	89	86	82	71	60	48	41	55	-34	-38,2%
dreifbýli	681	647	614	603	573	583	574	553	-128	-18,8%
<b>Húnavatnshreppur</b>	<b>548</b>	<b>508</b>	<b>490</b>	<b>465</b>	<b>431</b>	<b>405</b>	<b>403</b>	<b>371</b>	<b>-177</b>	<b>-32,3%</b>
<b>Blönduóssbær</b>	<b>1.037</b>	<b>993</b>	<b>953</b>	<b>892</b>	<b>882</b>	<b>878</b>	<b>865</b>	<b>939</b>	<b>-98</b>	<b>-9,5%</b>
Blönduós	975	924	888	824	819	813	796	867	-108	-11,1%
dreifbýli	62	69	65	68	63	65	69	72	10	16,1%
<b>Svf. Skagaströnd</b>	<b>628</b>	<b>612</b>	<b>582</b>	<b>532</b>	<b>519</b>	<b>506</b>	<b>489</b>	<b>452</b>	<b>-176</b>	<b>-28,0%</b>
<b>Skagabyggð</b>	<b>91</b>	<b>105</b>	<b>97</b>	<b>96</b>	<b>106</b>	<b>100</b>	<b>109</b>	<b>90</b>	<b>-1</b>	<b>-1,1%</b>
<b>Svf. Skagafjörður</b>	<b>4.317</b>	<b>4.191</b>	<b>4.181</b>	<b>4.083</b>	<b>4.131</b>	<b>4.010</b>	<b>3.902</b>	<b>3.992</b>	<b>-325</b>	<b>-7,5%</b>
Sauðárkrókur	2.674	2.605	2.620	2.610	2.640	2.575	2.546	2.612	-62	-2,3%
Varmahlíð	124	145	133	129	132	128	125	132	8	6,5%
Hólar í Hjaltadal	82	60	92	101	109	78	62	93	11	13,4%
Hofsós	208	181	180	172	184	181	156	142	-66	-31,7%
dreifbýli	1.229	1.200	1.156	1.071	1.066	1.048	1.013	1.013	-216	-17,6%
<b>Akrahreppur</b>	<b>219</b>	<b>230</b>	<b>230</b>	<b>222</b>	<b>209</b>	<b>195</b>	<b>200</b>	<b>202</b>	<b>-17</b>	<b>-7,8%</b>

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Norðurlandi vestra 1998-2019 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra 1998-2019


Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting

Frá árinu 1998 hefur fólki á aldrinum 60-69 ára fjölgað verulega á Norðurlandi vestra. Nokkur fjölgun hefur einnig orðið meðal fólks yfir sjötugu. Nokkur fjölgun varð framan af tímabilinu í aldurshópnum 50-59 ára en fækkað hefur í þeim hópi undanfarin ár. Mikil og viðvarandi fækkun hefur orðið í aldurshópnum þeirra sem eru undir fimmtugu. Síðustu ár hefur orðið nokkur fjölgun í aldurshópnum 20-29 ára.


Hlutfall karla og kvenna hefur jafnast undanfarin ár. Í upphafi tímabilsins voru 94-96 konur á hverja 100 karla en hlutföllin jöfnuðust þar til voru orðnar ríflega 99 konur á hverja 100 karla árin 2017 og 2018.

Í ársbyrjun 2019 voru fleiri konur en karlar í Akrahreppi og Húnaþingi vestra. Lægst var hlutfallið í Húnavatnshreppi 80 konur á hverja 100 karla.




Mynd 11 Þróun aldursdreifingar karla á Norðurlandi vestra 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Norðurlandi vestra 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 12 Þróun aldursdreifingar kvenna á Norðurlandi vestra 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra árið 2019


Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun

Breytingar á fólksfjölda samanstanda af flutningsjöfnuði og náttúrulegri fjölgun sem er munurinn á fæðingar- og dánartíðni. Flutningsjöfnuður á Norðurlandi vestra var neikvæður öll árin frá 1998 til 2015 en hefur lítillega jákvæður undanfarin þrjú ár. Flutningsjöfnuðurinn í Sveitarfélaginu Skagafirði var neikvæður um 750 manns, 300 manns í Húnaþingi vestra, 240 manns í Sveitarfélaginu Skagaströnd, 200 manns í Húnavatnshreppi og 170 manns í Blönduósbæ.


Fæðingartíðni var um 120 börn á ári í upphafi tímabilsins en síðustu ár hefur tíðnin verið í kringum 80 börn á ári. Á tímabilinu hefur dánartíðni verið í kringum 60 manns. Það þýðir að náttúruleg fjölgun hefur dregist mikið saman og var í raun hverfandi á árunum 2013-2017 nema í Sveitarfélaginu Skagafirði og Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Á tímabilinu 2013-2018 fjölgaði erlendum ríkisborgurum um tæplega 150 í landshlutanum á meðan að íslenskum ríkisborgurum fækkaði um ríflega 220. Þetta mynstur á við í öllum sveitarfélögum utan Blönduósbæjar þar sem að íslenskum ríkisborgurum fjölgaði lítillega.




Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Norðurlandi vestra 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Norðurlandi vestra 1998-2018 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 17 Fæðinga- og dánartíðni á Norðurlandi vestra 1998-2017

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 19 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 18 Náttúruleg fjölgun á Norðurlandi vestra 2008-2017 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands

## 2. Menntun


Hagstofa Íslands safnar gögnum um menntunarstig landsmanna á aldrinum 25-64 ára og eru þau unnin upp úr vinnuþrengisrannsókn stofnunarinnar. Þau eru birt hér í fyrsta sinn í stöðugreiningum, en Byggðastofnun byggði í eldri stöðugreiningum á gögnum frá Capacent Gallup. Gögn Hagstofunnar sýna menntunarstig á árinu 2018.



Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 20 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir karla. Samanburðurinn sýnir að hlutfall karla sem er með grunnmenntun er hærra en í öðrum landshlutum eða 42%. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum er einnig hærra en annars staðar á landinu og er 40%, en undir þennan flokk fellur ýmis iðnmenntun og fleiri greinar. Karlar á Norðurlandi vestra eru hins vegar í næstneðsta sæti þegar skoðað er bóklegt nám í framhaldsskóla eða 5% og lægsta hlutfall á landinu er með grunnnám í háskóla eða 8%. Hlutfall karla með framhaldsmenntun á háskólastigi er einnig lágt eða 5%.




Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Norðurlandi vestra 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 21 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutunum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Rétt er hins vegar að benda á að í landsmeðaltali vegur höfuðborgarsvæðið afar mikið vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnmenntun og starfsnám í framhaldsskóla er þannig verulega hærra í landshlutunum en landsmeðaltal, en bóknám, grunnnám og framhaldsnám í háskóla verulega lægra en á landsvísi og annars staðar á landsbyggðinni. Á þessu kunna að vera ýmsar skýringar. Grunnnám og starfsnámsgreinar vega þungt í atvinnusamsetningu á svæðinu og lágt hlutfall bóknámsgreina skýrist væntanlega annars vegar af því að hlutfallslega færri hafa sótt í þessar greinar og að þeir sem það hafa gert eru margir hverjir fluttir burt af svæðinu.

Þegar menntunarstig kvenna í sömu aldurflokkum, þ.e. 25-64 ára er skoðað er tölurverður munur á milli kynja. Mynd 22 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir konur.




Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburðurinn sýnir að hlutfall kvenna sem er með grunnenntun er nærri meðaltali landshluta utan suðvesturhornins eða 28%. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum er hærra en annars staðar á landinu og er 29%, en undir þennan flokk fellur ýmis iðnenntun og fleiri greinar. Konur á Norðurlandi vestra eru hins vegar í neðsta sæti þegar skoðað er bóklegt nám í framhaldsskóla eða 6% en hlutfall háskólamenntunar er fremur hátt einkum grunnnám í háskóla.

Mynd 23 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landið í heild. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í landsmeðaltali eins fram kom hér að framan vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnenntun og starfsnám í framhaldsskóla er þannig verulega hærra í landshlutanum en landsmeðaltal, en bóknám í framhaldsskóla og framhaldsnám í háskóla lægra en á landsvísu. Atvinnugreinar sem byggja á grunnnámi og starfsnámsgreinar vega þungt í atvinnusamsetningu á svæðinu og lágt hlutfall bóknámsgreina skýrist væntanlega annars vegar af því að hlutfallslega færri hafa sótt í þessar greinar og að þeir sem það hafa gert eru margir hverjir fluttir burt af svæðinu. Norðurland vestra kemur hins vegar nokkuð vel út í grunnnámi í háskóla sem

gæti skýrst af því að í skólum og sjúkrastofnunum vinna tiltölulega margar konur með háskólanám.



Mynd 23 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Norðurlandi vestra 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands




### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útvarsstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann eru þrjár mælikvarðar til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Tekjur á mann á öllum þessum mælikvörðum hafa verið umtalsvert lægri en landsmeðaltal á Norðurlandi vestra á undanförunum áratug.


Útvarsstofn og atvinnutekjur lækkuðu nokkuð á árinu 2009 en þó var fallið hlutfallslega minna en á landsvísu. Í framhaldinu hafa tekjurnar hækkað en eru áfram umtalsvert lægri en landsmeðaltal. Fjármagnstekjur fóru skarpar niður í hruninu og hafa ekki komið upp aftur.

Útvarsstofn ársins 2017 nam 3,8 milljónum kr. sem er lægsta gildi nokkurs landshluta og tæplega 600 þúsund kr. undir landsmeðaltali. Atvinnutekjur námu 2,9 milljónum kr. og voru 700 þúsund kr. undir landsmeðaltali.




Mynd 24 Útvarsstofn á mann á Norðurlandi vestra 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga



Mynd 25 Fjármagnstekjur á mann á Norðurlandi vestra 2008-2016 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Ríkisskattstjóri




Mynd 26 Atvinnutekjur á mann á Norðurlandi vestra 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

### 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það var töluvert á árunum 2009-2011 en þó að meðaltali ekki nema um 3 % á árunum 2009-2011, en lækkaði í 2% árið 2012 og var því fjórum til fimm prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur verið svipað en atvinnuleysi kvenna þó oft heldur meira.




Mynd 27 Atvinnuleysi karla á Norðurlandi vestra ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

Allnokkur árstíðasveifla hefur einkennt atvinnuleysi á svæðinu, en undanfarin ár hefur það verið afar lítið og með því lægsta á landinu og var 1,0% í maí 2019.

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka mikilvægt að horfa til fjöldapróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafns af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstandur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuafninu.



Mynd 28 Atvinnuleysi kvenna á Norðurlandi vestra ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands


Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka karla á aldrinum 16-64 ára var 86,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 89,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna á sama aldri var 83,5% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% utan þess. Atvinnuþátttaka karla var 88,1% á höfuðborgarsvæðinu og 89,0% utan þess á 1. ársfjórðungi ársins 2019. Sambærilegar tölur fyrir konur voru 85,0% og 83,3%.

### 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall

nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Norðurlandi vestra fylgja landsmeðaltalinu ekki en töluvert færri fyrirtæki hafa verið skráð en að landsmeðaltali. Fylgni milli þróunar í landshlutunum og á landsvísu er sú minnsta á landinu eða um 0,09.



Mynd 29 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018


Heimild: Hagstofa Íslands

### 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð og þar með fasteignamat er eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru til að lýsa efnahagslegri stöðu. Byggingastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu fasteigninni á nokkrum

<sup>3</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fasteignamat/2019/fasteignagjold-2019.pdf>


þéttbýlisstöðum á landinu frá árinu 2010.<sup>3</sup> Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti og stærð lóðar er 808m<sup>2</sup>. Fasteignagjöldin eru reiknuð út samkvæmt gildandi fasteignamati og samkvæmt álagningarreglum eins og þær eru í hverju sveitarfélagi. Heildarmat, sem er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir þéttbýlisstöðum. Öll árin hefur matið verið áberandi hæst í Suður-Þingholtunum í Reykjavík og þriðja árið í röð er Bolungarvík með lægsta heildarmatið.



Mynd 30 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á Norðurlandi vestra var mat fasteigna skoðað á Blönduósi og á Sauðárkróki. Eru niðurstöður settar fram í súluriti hér fyrir neðan þar sem sjá má þróunina á fasteignamatinu frá 2014-2018.




Mynd 31 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Norðurlandi vestra 2014 - 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á þessu fimm ára tímabili er hækkun fasteignamats tæp 10% á Blönduósi, en á Sauðárkróki eru hækkunin 37% og er meðalverðið þar 70% hærra en á Blönduósi.


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Hlutfall milli þessara eigenda er mismunandi eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. Eignarhald lögaðila á íbúðarhúsnæði var hæst í Sveitarfélaginu Skagatrönd eða 22%, sem er meðaltalið eins og það er á landinu, en lægst var hlutfallið í Skagabyggð 1,1%. Yfir landið var skiptingin á eignarhaldi íbúðarhúsnæðis árið 2017; 78% einstaklingar og 22% lögaðilar.



Mynd 32 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Norðurlandi vestra árið 2017


Heimild: Þjóðskrá Íslands

Eigendur íbúðarhúsnæðis geta átt lögheimili í því sveitarfélagi sem fasteignin er staðsett eða utan þess. Þjóðskrá Íslands heldur utan um skráningu á eignarhaldi fasteigna. Það er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum hvar eigendur íbúðarhúsnæðis eiga lögheimili. Sjá fyrir neðan yfirlit yfir eigendur íbúðarhúsnæðis flokkaða eftir búsetu.



Mynd 33 Lögheimili eigenda íbúða á Norðurlandi vestra 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands



Mynd 34 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Norðurlandi vestra 1995 – 2018


Heimild: Þjóðskrá Íslands

Sumarhúsum á Norðurlandi vestra hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Er sú fjölgun að mestu bundin við Sveitarfélagið Skagafjörð, þar sem að sumarhúsum hefur fjölgað um 144 (um 6 á hverju ári) og síðan næst í Húnaþingi vestra hefur fjölgunin verið 80.

## 4. Samgöngur

### 4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 er enginn flugvöllur á Norðurlandi vestra í grunnneti samgangna, Sauðárkróksflugvöllur var í fyrri áætlunum skilgreindur sem slíkur en nú er ekkert áætlunarflug í landshlutanum. Næstu flugvöllir með áætlunarflug eru á Akureyri og í Reykjavík.




Mynd 35 Helstu vegir á Norðurlandi vestra

Heimild: LMÍ

Stofnvegur á Norðurlandi vestra er þjóðvegur nr. 1 sem liggur um þveran landshlutann, milli Holtavörðu- og Öxnadalshéiða. Frá þjóðvegi 1 liggja stofnvegir til norðurs að þéttbýlisstöðum, norður með Hrútafirði að vestan, áleiðis til Hólmavíkur, að Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Hofsósi og Siglufirði og vegur um Þverárfjall, frá Skagastrandarvegi um Sauðárkrók að Siglufjarðarvegi í austanverðum Skagafirði. Siglufjarðarvegi tengist stofnvegur

að Hólum í Hjaltadal. Á milli byggða á Norðurlandi vestra liggur stofnvegur um Þverárfjall yfir 200 metra hæð yfir sjó, hæst í 322 metrum.




Mynd 36 Grunnnet samgangna

Heimild: Samgönguáætlun 2019-2033

Myndin sýnir grunnnet samgangna árið 2018 en ekki hafa verið gerðar breytingar síðan 2015. Rétt er þó að benda á að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun 2019 og stytta vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 km og aðrar leiðir austan Akureyrar samsvarandi.

Á Norðurlandi vestra eru tvær hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, önnur í flokki I, á Sauðárkróki, hin í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Skagaströnd. Bátahöfn í flokki III er á Hvammstanga og smábátahafnir í flokki IV á Blönduósi og Hofsósi. Engin stór flutningahöfn er á Norðurlandi vestra. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.




Mynd 37 Hafnir á Norðurlandi vestra

## 4.2 Almenningsamgöngur

Á landi er Strætó bs. með umfangsmesta leiðakerfi almenningsamgangna. Landshlutasamtök í landinu að undanskyldum Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) hafa gert samning við Strætó bs. um að annast akstur í þeirra landshlutum. Strætó bs. gengur um Suður-, Vestur-, Norður- og Norðausturland. Áhersla er lögð á að fólk geti komist til og frá Akureyri og Reykjavík á ákveðnum tíma og ákvarðast tími ferðar af því. Sjá má leiðakerfi Strætó bs. á Mynd 4.2.1.

Kerfi almenningsamgangna á Norðurlandi vestra er að skila þeim markmiðum sem koma fram í tillögu að samgönguáætlun 2019-2033 þar sem stefnt er að því að minnsta kosti ein tegund almenningsamgangna sé í boði til þéttbýlisstaða með fleiri en 100 íbúa og nær leiðakerfið því markmiði í landshlutanum.

Innan Norðurlands vestra þurftu flestir að ferðast oftast til Sauðárkróks (skv. niðurstöðum viðhorfskönnunar). Hæsta hlutfall þeirra sem oftast þurftu að ferðast innan eigin búsvæðis var meðal íbúa á Sauðárkróki og það lægsta meðal íbúa á Skagaströnd.



Mynd 38 Leiðakerfi Strætó bs. á landsbyggðinni 2019


Kort: Strætó bs.

## 4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra eru í grófum dráttum samfallandi við gömlu sýsluskiptinguna samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Vinnusóknarsvæði Hvammstanga tengist ekki hinum vinnusóknarsvæðunum og nær til Borðeyrar en vinnusókn er á milli þéttbýlisstaðanna við eða á Skaga, Blönduóss, Skagastrandar og Sauðárkróks sem mynda þungamiðju svæðisins. Til austurs frá Sauðárkróki er dagleg

vinnusókn milli Sauðárkróks, Hofsóss og Hóla í Hjaltadal og til suðurs milli Sauðárkróks og Varmahlíðar.

Stytting ferðatíma, vegstyttingar og samgöngubætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.



Mynd 39 Vinnusóknarsvæði á Norðurlandi vestra

Tafla 3 Vegalengdir á Norðurlandi vestra 2019

	Frá Sauðárkróki	Frá Hvammstanga
Borðeyri	135	42
Laugarbakki	104	10
Hvammstangi	105	
Blönduós	47	58
Skagaströnd	52	81
Sauðárkrókur		105
Varmahlíð	26	109
Hólar í Hjaltadal	31	136
Hofsós	36	141
Akureyri	120	203
Reykjavík	290	197

Heimild: Vegagerð ríkisins

#### 4.4 Gagnaflutningar

Flest lönd ESB hafa sett það markmið að allir hafi aðgang að 30 Mb/sek. og á Íslandi hafa verið sett markmið um ákveðið hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 30 Mb/sek. þjónustu árið 2020.

Lagt er til að fyrir Ísland verði sett markmið um hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 100 Mb/sek. þjónustu 2020. Flest Evrópulönd miða við að íbúar hafi almennt aðgang að 100 Mb/sek. 2025 eða fyrr. Þessi hraði gerir mögulegt að vera með fleiri þungar þjónustur í gangi samtímis á hverju heimili, t.d. fleiri en eitt sjónvörp í UHD upplausn. Markmið ESB landa gera ráð fyrir sívaxandi mikilvægi og kröfum til Internetþjónustu og í ljósi þess sífellt hærri markmiðum um Internetþjónustu. ESB lönd hafa flest sett sér markmið um enn hærri hraða, 100 Mb/sek. og 1 Gb/sek. sem nær til fleiri og fleiri íbúa í framtíðinni.


Með 3G og 4G er meðaltal innan við 100 Mb/sek. (miðað við mælingar gerðar í des 2018).

**Ísland ljóstengt** er tímabundið landsátak í þá veru og féllu alls 3.700 heimili undir verkefnið í upphafi. Gert er ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki sjái að öðru leyti um að tengja aðra staði á landinu. Verkefnið hefur vaxið að umfangi og losar fjöldi styrkhæfra staða um 6.000 árið 2019. Eingöngu á eftir að semja um styrki



til að tengja síðustu 150-250 byggingarnar í dreifbýli árin 2020 og 2021 til að ná framangreindu markmið Íslenskra stjórnvalda á sviði fjarskipta fyrir landið í heild er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/sek. þráðbundinni nettengingu í árslok 2021. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir árlegu 964 m.kr. framlagi til verkefnisins næstu tvö ár og einnig er 300 m.kr. framlag til þess af byggðaáætlun. Til að það takist þarf að veita ríkisstyrki til ljósleiðarauppbyggingar í dreifbýli utan markaðssvæða.

Ljósleiðaravæðing Norðurlands vestra virðist samkvæmt meðfylgjandi korti nokkuð góð meðfram aðalþjóðleiðum og raunar inn til dala, en stutt á veg komin á Vatnsnesi, á Skaga og út með austanverðum Skagafirði.



Mynd 40 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

## 5. Opinber þjónusta

### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Norðurlands sinnir Norðurlandi vestra að Húnaþingi vestra undanskildu. Húnaþing vestra heyrir undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands.<sup>4</sup> Stjórnunarteymi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er dreift, framkvæmdastjóri lækninga hefur aðsetur á Sauðárkróki en aðrir fulltrúar þess á Norðurlandi eystra, á Húsavík og Akureyri. Aðsetur yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er á Akranesi.

Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands sem er á Norðurlandi vestra eru heilsugæslustöðvar með sjúkrarýmum á Sauðárkróki og Blönduósi. Á Hofsósi og Skagaströnd eru heilsugæslusel. Heilsugæslustöðvar virðast skipta miklu fyrir afmörkun þjónustusókna. Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru rekin í tengslum við heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi og Sauðárkróki en sérrekin á Skagaströnd. Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfrækir heilsugæslustöð á Hvammstanga. Þar er einnig starfrækt hjúkrunar- og sjúkradeild. Nánar má kynna sér heilbrigðisþjónustu á [Þjónustukorti Byggðastofnunar](#).



Heimild: Byggðastofnun

### 5.2 Löggæsla og sýslumaður og héraðsdómur


Norðurland vestra er eitt umdæmi sýslumanns sem hefur aðsetur á Blönduósi og eitt umdæmi lögreglustjóra sem hefur aðsetur á Sauðárkróki.<sup>5</sup> Sýsluskrifstofa er á Sauðárkróki og lögreglustöð á Blönduósi.

Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og umdæmi hans nær yfir starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sveitarfélögin Akrahrepp, Blönduósbæ, Húnavatnshrepp, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörð og Sveitarfélagið Skagaströnd.<sup>6</sup> Nánar má kynna sér löggæslu, sýslumenn og héraðsdóm á [Þjónustukortinu](#).

<sup>4</sup> [http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus\\_og\\_heilbrigdisstofnanir/](http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus_og_heilbrigdisstofnanir/)

<sup>5</sup> <http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/>


<sup>6</sup> <http://www.domstolar.is/nordurlandvestra>



Mynd 42 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019

### 5.3 Orkukostnaður

Árlegir útreikningar Byggðastofnunar og Orkustofnunar um kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun hafa verið gerðir frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 350 m<sup>3</sup>. Við útreikningana á orkukostnaði er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og húshitunarkostnaður hinsvegar. Nánar má kynna sér efnið á heimasíðu Byggðastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir orkukostnað heimila á nokkrum stöðum á landinu.



Mynd 43 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

Heimild: Byggðastofnun

Í meðfylgjandi töflu 4 er að finna algengasta verð heildar orkukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu.

Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

	Almenn raforkunotkun	Húshitun Rafhitun / Hitaveita	Orkukostnaður alls
	Algengasta verð	Algengasta verð	Algengasta verð
RARIK - Dreifveita - Rafmagn	120.061	204.906	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitav.	120.101	195.449	315.550
Grundarfjörður	87.994	204.906	292.900
Reyðarfjörður	87.736	203.015	290.751
Ísafjörður	91.688	195.449	281.684
Seyðisfjörður	87.994	204.906	270.890
Veitur ohf. - Dreifbýli	120.061	130.072	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveitu	120.061	109.908	229.969
Vestmannaeyjar	HS Veitur	209.635	226.690
Hafrarfjörður	HS Veitur	111.612	195.734
Reykjavík	Veitur	111.612	193.259
Akranes	Veitur	109.340	190.987
Akureyri	Norðurorka	96.844	179.925
Selfoss	HS Veitur	95.708	179.830
Keflavík	HS Veitur	92.584	176.706
Sauðárkrúkur	RARIK	88.324	176.318
Egilsstaðir	RARIK	85.768	173.762
Seltjarnnes	Veitur	59.924	141.571

\* Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Húnaþings vestra, Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur, RARIK og Skagafjarðarveitur Öll verð með sköttum og öðrum gjöldum. Samkvæmt gjaldskrá 1. sept 2018

Heimild: Byggðastofnun

Ef horft er til algengasta verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Algengasti heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Grundarfirði, Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi 292.900 kr. en lægstur á Seltjarnarnesi 141.571 kr.

Af þeim þremur þéttbýlisstöðum á Norðurlandi vestra sem voru með í úttekt<sup>7</sup> sem Bygðastofnun fékk Orkustofnun til að gera eru tveir staðir með orkukostnað vel undir meðaltali. Blönduós skilur sig töluvert frá en þar er orkukostnaður yfir meðaltali. Hitaveita er á öllum þessum þremur stöðum og rafmagn á vegum Rarik. Á Hvammstanga og á Sauðárkróki er hitaveitan í eigu heimamanna (Hitaveita Húnaþings vestra og Skagafjarðarveitur) en á Blönduósi er hitaveitan rekin af Rarik.


Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Norðurlandi vestra í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum

Staður	2019		2014		Samtals rafmagn og hiti kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári
	Hitaveita Fjarvarma v. kr/ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr/ári		
Dreifbýli RARIK		204.906	204.906	120.061	324.967	320.123
Blönduós	162.448		162.448	87.994	250.442	254.345
Hitaveita dreifbýli Norðurland	109.908		109.908	120.061	229.969	205.984
Sauðárkrókur	88.324		88.324	87.994	176.318	146.260
Hvammstangi	92.868		92.868	87.994	180.862	

Heimild: Orkustofnun

Þróun orkukostnaðar hefur verið með sambærilegum hætti í landshlutanum fyrir utan dreifbýli án hitaveitu. Orkukostnaður hefur fylgt verðlagsþróun að einhverju leyti nema þar sem rafmagn er notað til húshitunar á svæði Rarik. Þar lækkaði verð frá 2014-2016 en hefur farið hækkandi síðan þá. Sjá nánar á mynd hér fyrir neðan sem sýnir þróun orkukostnaðar á verðlagi hvers árs.

<sup>7</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Orkukostnadur/2018/samanburdur-a-orkukostnadi-heimila-2018.pdf>



Mynd 44 Þróun orkukostnaðar á Norðurlandi vestra í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018

Heimild: Bygðastofnun

## 5.4 Opinber störf

Bygðastofnun hefur tekið saman fjölda opinberra starfa og dreifingu þeirra um landið síðan 2013. Tölurnar sem settar eru fyrir fjölda ríkisstarfa áramótin 2018/2019. Í greiningunni er miðað við víða skilgreiningu ríkisstarfa, þ.e. stöðugildi greidd af Fjársýslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutfélögum og stofnunum í eigu ríkisins og þær stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Á landsvísu starfa fleiri konur fyrir ríkið en karlar; 63% á móti 37% karla. Á Norðurlandi vestra er hlutfallið sambærilegt eða 65% stöðugildi kvenna á móti 35% stöðugildum karla. Á Norðurlandi vestra búa 2,0% af íbúafjölda landsins en þar eru staðsett 2,0% af heildarstöðugilda opinberra starfa hjá ríkinu. Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu skipt niður á landshluta.

Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018

Stöðugildi opinberra starfa skipt á landshluta	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heilda
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.328	17.509	228.231	63,9%	70,7%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%
Austurland	368	189	557	10.670	3,0%	2,3%
Suðurland	923	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%
Annað	31	33	64	-	0,0%	0,3%
<b>Samtals</b>	<b>15.663</b>	<b>9.088</b>	<b>24.751</b>	<b>356.991</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Heimild: Bygðastofnun

Í greiningu Bygðastofnunar kemur fram að störfum í landshlutanum fjölgaði um 8 milli ára 2018-2019 eða um 1,7%. „Í Skagafirði fjölgar stöðugildum um tæp fimm og munar helst um fjölgun hjá Lögregluembættinu. Í Húnavatnshreppi fjölgar Landsvirkjun um þrjú stöðugildi og Vinnumálastofnun á Skagaströnd um eitt. Í Blönduósbæ fækkar um tæp tvö vegna fækkunar hjá RARIK og Íslandspósti. Önnur sveitarfélög á í landshlutanum standa í stað.“<sup>8</sup> Milli árána 2016-2017 urðu óverulegar breytingar en stöðugildum fjölgaði um 6 eða um rúm 1%. Í töflunni hérna að neðan má sjá þróunina á opinberum störfum í árslok fyrir árin 2014, 2016 og 2018.

Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum

Sveitarfélag	2014 Konur	2014 Karlar	2014 Samtals	2016 Konur	2016 Karlar	2016 Samtals	2018 Konur	2018 Karlar	2018 Samtals
Akrahreppur	1	-	1	1	-	1	1	-	1
Blönduóssbær	62	25	87	60	21	81	62	21	83
Húnavatnshreppur	4	9	13	3	11	14	5	13	18
Húnaþing vestra	40	24	64	38	23	62	39	24	63
Sveitarfélagið Skagafjörður	177	102	279	184	110	294	191	108	299
Sveitarfélagið Skagaströnd	18	5	23	16	4	20	15	6	22
<b>Samtals</b>	<b>302</b>	<b>165</b>	<b>467</b>	<b>303</b>	<b>169</b>	<b>471</b>	<b>313</b>	<b>172</b>	<b>485</b>

Heimild: Bygðastofnun

Í árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tekin saman störf á vegum sveitarfélaga í landinu. Gögnin frá sambandinu miða við stöðu stöðugilda 1.

<sup>8</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/hvar-eru-rikisstorfin-2>

apríl ár hvert. Sambandið heldur einnig skrá yfir kynjaskiptingu þessara stöðugilda hjá sveitarfélögunum. 1. apríl 2018 var heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögunum í landinu 21.245. Af því voru um 15.790 konur eða 74% og 5.455 karlar eða 26%. Það starfa því þrisvar sinnum fleiri konur fyrir sveitarfélögin í landinu heldur en karlar. Á Norðurlandi vestra var heildarfjöldi stöðugilda 533. Tölur vantaði í gögnin hjá Sambandinu yfir störf í Húnavatnshreppi, en fjöldi stöðugilda, 24, var fundinn í ársreikningi hreppsins. Kynjahlutfallið hjá hinum sveitarfélögunum er sambærilegt við það sem gerist á landsvísu eða 75% konur og 25% karlar.

Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Sveitarfélagið Skagafjörður	239	78	317	251	88	338	259	80	340
Húnaþing vestra	57	18	76	53	24	77	54	24	78
Blönduósbær	44	10	54	55	14	69	49	14	63
Sveitarfélagið Skagaströnd	37	11	47	21	8	29	19	10	29
Húnavatnshreppur	16	3	19	9	1	10			24
<b>SAMTALS Norðurland ve</b>	<b>394</b>	<b>120</b>	<b>513</b>	<b>388</b>	<b>135</b>	<b>523</b>	<b>381</b>	<b>128</b>	<b>533</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Samanlagðan fjöldi stöðugilda ríkis og sveitarfélaga er því hægt að áætla og þróun á fjölda stöðugildanna frá ári til árs. Á töflu 9 sést að fjöldi stöðugilda hjá ríki og sveitarfélögum hefur verið að aukast sem og hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarfélögum. Nánar má skoða þróunina í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum

Ártal	Fjöldi stöðugilda samtals hjá ríki 1. jan	Fjöldi stöðug. hjá sveitarf. 1. apríl	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarf.	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarf.
2014	412	522	6.972	5,9%	7,5%	13,4%
2016	419	518	6.883	6,1%	7,5%	13,6%
2018	449	537	6.994	6,4%	7,7%	14,1%

Heimild: Úttekt Bygðastofnunar á opinberum störfum og Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ljóst er að þróun á fjölda stöðugilda á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur þýðingu fyrir búsetuskilyrði í landshlutanum. Ekki bara með tilliti til áhrifa á

atvinnu heldur einnig með tilliti til þjónustu. Hlutfall þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum gefur að einhverju leyti til kynna það þjónustustig sem er í landshlutanum.


## 6. Önnur þjónusta

### 6.1 Verslun

Í greiningu á verslun var dagvöruverslun flokkuð niður í eftirtalda flokka:

1. Lágvöruverðsverslun:
  - a. Bónus, Nettó, Krónan, þar sem að gert er ráð fyrir sama verði á sömu vöru um land allt
2. Stærri dagvöruverslun:
  - a. Verslun sem hefur stóra markaðshlutdeild á sínu svæði og er með fjölbreytt úrval.
3. Önnur dagvöruverslun:
  - a. Dagvöruverslanir sem ekki falla undir flokk 1. og 2.
  - b. Einstakar verslanir eða t.d. búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

Lágvöruverslun er skilgreind sem stórverslun þar sem vöruverð er lægra en í öðrum dagvöruverslunum. Þetta eru oftast verslunarkeðjur. Engin slík verslun er á Norðurlandi vestra, en stærri dagvöruverslun er á Sauðárkróki og aðrar dagvöruverslanir á þéttbýlisstöðum, sem hafa stundum takmarkað vöruúrval.



Mynd 45 Dagvöruverslanir á Norðurlandi vestra

Á Norðurlandi vestra eru samtals 8 verslanir. Enga lágvöruverðsverslun er að finna í landshlutanum en 7 aðrar dagvöruverslanir og ein stærri dagvöruverslun er til staðar. Skiptast þær niður á sveitarfélögin eins og sýnt er í töflu 10.

Tafla 10 Dagvöruverslanir á Norðurlandi vestra eftir sveitarfélögum 2019


Sveitarfélag	Önnur dagvöruverslun	Stærri dagvöruverslun	Samtals
Blönduósibær	1		1
Húnaþing vestra	1		1
Sveitarfélagið Skagaströnd	1		1
Sveitarfélagið Skagafjörður	4	1	5
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>1</b>	<b>8</b>

Heimild: Byggðastofnun, þjónustukort.is

### 6.2 Ýmis þjónusta

Árið 2019 opnaði Byggðastofnun aðgang [þjónustukorti](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Er gerð kortsins ein af aðgerðum á byggðaaætlun 2018-2024. Á kortinu má finna upplýsingar um alla helstu þjónustubætti, allt frá neyðarþjónustu til stjórnsýslu.

Árið 2016 gerði Bygðastofnun þjónustukönnun á Norðurlandi vestra.<sup>9</sup> Var Norðurland vestra fyrsti landslutinn í gerð þjónustukönnunar en hinir landslutarnir fylgdu í kjölfarið árið 2018. Þar kom fram að þjónustusókn íbúa í landslutunum er mismunandi eftir búsetuvæðum. „Könnunin bendir til þess að íbúar á Skagaströnd sækja meiri þjónustu út fyrir sína heimabyggð en íbúar á Blönduósi, Hvammstanga og Sauðárkróki. Þá sækja íbúar í dreifbýli í Austur- og Vestur- Húnavatnssýslum frekar þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en til Akureyrar en því var öfugt farið hjá íbúum í dreifbýli í Skagafirði þar sem meiri þjónusta var sótt til Akureyrar en til höfuðborgarsvæðisins. Um þriðjungur svarenda sem voru í vinnu þegar könnunin var framkvæmd sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn. Þriðjungur ferðast meira en 25 km aðra leið til vinnu.“ Nánar má kynna sér þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra í skýrslunni.




Mynd 46 Yfirlit yfir þá staði sem íbúar sækja þjónustu

Heimild: Hagstofa Íslands

### 6.3 Ferðaþjónusta

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarin ár og er ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest þegar kemur að landsbyggðinni. Þessi efling ferðaþjónustunnar kemur meðal annars fram í tölum um gistinætur. Á árinu 2012 voru gistinætur á Norðurlandi vestra um 86 þúsund. Á árinu 2018 voru gistinætur 161 þúsund og hefur því gistinóttum á svæðinu fjölgað um 87% síðan 2012. Þó vöxtur í fjölda gistinóttu hafi verið hraður á undanfönum árum þá hefur hægt nokkuð á honum á síðasta ári, meira í Skagafirði en Húnavatnssýslum. Sjá þróun í breytingu í fjölda gistinóttu á meðfylgjandi mynd.




Mynd 47 Gistinætur á Norðurlandi vestra 2008 – 2018 eftir svæðum

Heimild: Hagstofa Íslands

Eins og víða annarsstaðar á landinu er mikil árstíðarsveifla í fjölda gistinóttu á Norðurlandi vestra. Aðal tímabilið er yfir sumartímamann eins og sjá má á mynd 48.

<sup>9</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2016.pdf>






Mynd 48 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir mánuðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Árið 2012 voru innlendir ferðamenn um 45% þeirra sem gistu á Norðurlandi vestra. Næst á eftir þeim voru gestir frá Þýskalandi um 13% og Frakklandi um 7%.



Mynd 49 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir þjóðerni 2012

Heimild: Hagstofa Íslands


Síðan 2012 hefur orðið töluverð breyting á þjóðerni þeirra er gista á Norðurlandi vestra. Gistinóttum Íslendinga hefur fækkað um nær helming á tímabilinu, úr 58 þúsund árið 2012 í 30 þúsund árið 2018. Stærsti hópur ferðamanna sem gisti á Norðurlandi vestra árið 2018 var engu að síður Íslendingar en þar næst komu ferðamenn frá Bandaríkjunum, þá Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi. Er um að ræða umtalsverða aukningu í öllum þjóðernum nema hjá Íslenskum ferðamönnum, t.d. fjölga gistinóttum Bandaríkjamanna umtalsvert, úr 3.806 í 27.533. Það er ekki mikið um að ferðamenn frá Asíu gisti á Norðurlandi vestra.



Mynd 50 Gistinætur á Norðurlandi vestra eftir þjóðerni 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Á milli árana 2012 og 2018 varð ríflega tvöföldun á fjölda gistinátta á landinu. Heildarfjöldinn fór úr 3.8 milljón gistinóttum árið 2012 í 8.5 milljón nætur árið 2018. Heildarfjöldi gistinátta á Norðurlandi vestra fór úr því að vera 127.720 árið 2012 yfir í að vera 160.993 gistinætur árið 2018. Er það nokkuð langt frá aukningunni á landsvísi. Er Norðurland vestra sá landshluti sem hefur færstar gistinætur.



Mynd 51 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2012 var hlutdeild Norðurlands vestra í heildarfjölda gistinóta á landinu 3,16%. Árið 2018 hafði hlutdeildin fallið í 1,88%. Á þessu mikla vaxtartímabili í ferðaþjónustu hefur Norðurland vestra látið undan í hlutdeild sinni í heildarfjölda gistinóta á landinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun hlutdeildar landshlutanna í heildarfjölda gistinóta frá 2008-2018.



Mynd 52 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

## 7. Landbúnaður

Íslensk matvælaframleiðsla er umfangsmikill hluti af íslensku efnahagslífi. Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi hvers landshluta. Sé litið á heildar rekstrartekjur allra búgreina á landinu árið 2017 þá er hlutdeild Norðurlands vestra um 11% skv. greiningu Vífils Karlssonar<sup>10</sup>. Í sömu skýrslu kemur fram vægi sauðfjár- og kúabúskapar í landshlutanum metið út frá rekstrartekjum; 43% tekna koma frá sauðfé, 54% frá kúabúum og 2% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 16% allra jarða í ábúð á Íslandi á Norðurlandi vestra.

### 7.1 Kjötframleiðsla

Kjötframleiðsla í landinu hefur aukist á undanförunum árum. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018. Það gerir um 71% aukningu á framleiðslumagni á tímabilinu. Á mynd 51 má sjá þróun í framleiðslu á kjöti eftir tegundum á landsvísi frá 1998-2018. Mestur er vöxturinn á framleiðslu á alifuglakjöti þar sem framleiðslan fer úr 2.736 tonnum árið 1998 í 9.483 tonn árið 2018 og er því orðin næst stærsta framleiðslutegundin eftir á kindakjöti.



Mynd 53 Kjötframleiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.2 Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings í landinu og á Norðurlandi vestra frá 1998 til 2018 fyrir fimm tegundir búfjár má sjá í töflu 11. Eru þetta tölur frá Hagstofu Íslands. Eins og sjá má þá eru ekki til tölur fyrir fjölda hrossa fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Er það vegna ónákvæmra upplýsinga í skráningu. Í tölunum fyrir svín eru einungis skráðar fullorðnar gyltur og geltir.

<sup>10</sup> <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>

Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum

	Nautgripir alls		Sauðfé alls		Hross		Svin		Varphaensni	
	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.
1998	75.500	11.704	490.002	97.018	78.400	19.513	3.987	154	166.911	4.241
1999	74.534	11.344	490.538	96.167	77.330	18.590	3.926	178	160.640	3.421
2000	72.135	11.165	465.777	92.768	73.995	18.328	3.862	127	193.097	293
2001	70.168	10.812	473.535	95.626	73.809	17.671	4.561	135	128.241	3.144
2002	67.225	10.524	469.657	96.648	71.267	17.458	4.075	83	160.537	3.735
2003	66.035	10.189	463.006	96.752	71.412	16.697	3.852	1	165.242	4.007
2004	64.639	10.082	455.398	97.288	72.222	18.259	3.553	-	166.466	3.912
2005	65.979	9.763	454.950	99.660	74.820	18.812	3.982	-	166.119	3.680
2006	68.670	10.343	455.656	101.549	75.644	19.087	4.218	-	181.857	3.614
2007	70.660	10.769	454.812	101.860	76.982	19.276	4.147	-	184.244	3.636
2008	72.012	10.802	457.861	102.421	77.502	19.074	4.265	5	168.515	3.836
2009	73.498	11.133	469.429	106.011	77.158	19.271	3.818	8	199.958	3.314
2010	73.781	11.259	479.841	109.638	77.164	19.520	3.615	7	173.419	479
2011	72.773	10.884	474.759	107.202	78.277	19.315	3.619	7	221.167	3.648
2012	71.513	10.675	476.262	106.755	77.380	18.497	3.643	16	200.169	3.393
2013	70.461	10.661	484.108	109.925	72.626	17.361	3.651	16	215.180	3.647
2014	74.444	11.066	487.075	112.410	...	...	3.644	16	226.474	3.000
2015	78.634	11.869	480.656	113.938	...	...	3.550	.	238.000	3.150
2016	79.923	12.328	473.144	111.707	68.522	17.638	3.548	.	246.223	3.029
2017	80.895	12.756	458.634	111.213	64.679	17.962	3.567	.	220.460	2.922
2018	81.385	13.589	432.023	106.759	...	...	3.323	.	253.763	390

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi nautgripa hefur haldist nokkuð stöðugur í landshlutanum á þessum árum en dýrunum hefur fjölgað á undanförunum árum. Hlutfall nautgripa á Norðurlandi vestra hefur verið um 15-16% af heildarfjölda á landinu. Fjöldi sauðfjár í landshlutanum hefur aukist nokkuð síðan 2000 með hæsta gildi árið 2015. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísi hefur einnig dregist saman síðan 2014 í takt við versnandi afkomu í greininni. Hefur fjöldi sauðfjár á Norðurlandi vestra vaxið frá því að vera um 20% af heildarfjölda árið 1998 upp í að vera 25% af heildarfjöldanum árið 2018. Mikilvægi hestamennsku í landshlutanum er hægt að greina í gögnunum en 25-28% af heildarfjölda hrossa á landinu eru á Norðurlandi vestra.

### 7.3 Fjöldi bóa

Fjöldi sauðfjorbúa á Norðurlandi vestra hefur dregist saman undanfarin ár. Fjöldi kúabúa í landshlutanum hefur hins vegar staðið nokkurn veginn í stað. Árið 2017 voru 331 sauðfjorbú og 104 kúabú á Norðurlandi vestra. Fjöldi bóa á landsvísi hefur einnig verið að dragast saman og hefur Norðurland vestra haldið nokkurn veginn sama hlutfalli bóa á sínu svæði eða 22-23% allra

sauðfjorbúa og 15-17% kúabúa á landinu. Fjölda bóa og þróun þeirra má sjá nánar á meðfylgjandi töflu.


Tafla 12 Fjöldi bóa á Norðurlandi vestra og á landinu öllu 2009-2017

	Ártal	2009	2011	2013	2015	2017
Sauðfjorbú	Alls	1.688	1.670	1.686	1.558	1.441
	Norðurland vestra	395	374	375	350	331
	Hlutfall	23%	22%	22%	22%	23%
Kúabú	Alls	695	681	676	653	614
	Norðurland vestra	103	107	106	103	104
	Hlutfall	15%	16%	16%	16%	17%

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.4 Greiðslumark


Stuðningsgreiðslur í landbúnaði eru tengdar greiðslumarki í búvöru- og búnaðarlögum. Heildargreiðslumark sauðfjár á landinu eru 363.455 ærgildi. Skiptingu greiðslumarksins niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hérna fyrir neðan.



Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall greiðslumarks sauðfjár á Norðurlandi vestra var 25% af greiðslumarki alls landsins árið 2018. Árið 2013 var hlutfallið 24%. Þar vegur hlutur Húnaþings vestra, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps mest. Skipting greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 55 Greiðslumark sauðfjár á Norðurlandi vestra 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Heildargreiðslumark mjólkur á landinu öllu er 145 milljón lítrar. Skiptingunni niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Mynd 56 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall greiðslumarks mjólkur á Norðurlandi vestra var 17% af heildargreiðslumarki landsins árið 2018. Það er örlítið meira en árið 2013 þegar hlutfallið var 16%. Þar vegur hlutur Sveitarfélagsins Skagafjarðar mest. Skipting greiðslumarks mjólkur í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.




Mynd 57 Greiðslumark mjólkur á Norðurlandi vestra 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

## 7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurstöðva er nauðsynleg fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og mjólkurstöðvum starfsleyfi að undangenginni úttekt. Á meðfylgjandi korti er hægt að sjá dreifingu þessarar þjónustu um landið. Á landinu öllu eru 10 sláturhús og 12 mjólkurstöðvar skv. skráningu Matvælastofnunar. Á Norðurlandi vestra er ein mjólkurstöð á Sauðárkróki og þrjú sláturhús, á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki.




Mynd 58 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019

Heimild: Matvælastofnun

## 8. Sjávarútvegur

### 8.1 Fiskveiðar

Í fyrri stöðugreiningum voru upplýsingar um afla settar fram miðað við heimahöfn skipa. Hér er valið að miða annars vegar við löndunarhafnir og einnig í nokkrum tilvikum er afli sýndur miðað við verkunarhafnir. Að höfðu samráði við Hagstofu Íslands hefur þessu verið breytt vegna þess að með breytingum á eignarhaldi útgerða er talið að heimahafnir skipa gefi í mörgum tilvikum takmarkaðri upplýsingar um umsvif á einstökum útgerðarstöðum. Þar með er ekki sagt að einhver ein skráning afla gefi algjörlega rétta mynd af umsvifunum.



Mynd 59 Afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir helstu löndunarhöfnum á Norðurlandi vestra

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Norðurlandi vestra

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Hvammstangi	449	182	197	229	243	66	144	7	145	405	338	164
Skagaströnd	11.568	11.045	11.599	14.191	12.682	11.687	17.258	11.081	14.373	13.647	10.781	12.082
Sauðárkrökur	16.587	13.571	14.469	15.973	11.750	14.913	15.780	11.958	10.756	15.443	18.617	22.323
Hofsós	294	213	1.308	834	695	789	774	484	1.185	1.117	691	134

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 59 sýnir afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski á löndunarhöfnum á Norðurlandi vestra á árunum 2007-2018 og tafla 13 sýnir afla fyrir þessar hafnir og nokkrar minni löndunarhafnir. Talsverðar sveiflur voru í aflamagni í öðrum tegundum en uppsjávartegundum eftir árum miðað við löndunarhafnir skipa. Löndunarhafnirnar eru í raun einungis tvær þó að lítilsháttar sé landað á Hofsósi. Mikil aukning varð á Sauðárkróki á árabílinu 2015 til 2018 en aflamagnið var sveiflukenndara á Skagaströnd.

Mynd 60 sýnir ráðstöfun afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski fyrir allar hafnir á Norðurlandi vestra. Afli sem er verkaður í landshlutanum hefur aukist verulega allt frá árinu 2007. Langmest af afla á Norðurlandi vestra er nú verkaður á svæðinu eða annars staðar á Íslandi en hlutdeild afla af frystiskipum hefur sveiflast umtalsvert (landað unnið). Hlutdeild gámafisks var óveruleg á tímabilinu 2007 til 2018.




Mynd 60 Ráðstöfun afla á Norðurlandi vestra

Heimild: Hagstofa Íslands




## 8.2 Uppsjávarafli

Veiði og verkun uppsjávartegunda er nánast engin á Norðurlandi vestra. Lítils háttar makrílafli barst þó að landi um miðbik þessa tímabil á Sauðárkróki og á Skagaströnd.



Mynd 61 Afli í uppsjávartegundum á Norðurlandi vestra

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 62 Ráðstöfun uppsjávarafli á Norðurlandi vestra

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 62 sýnir að nokkuð er breytilegt hvort sá litli makrílafli sem barst á land á Norðurlandi vestra var verkaður innanlands eða hvort honum var landað unnið.

### 8.3 Úthlutaðar aflaheimildir




Mynd 63 Úthlutaðar aflaheimildir á Norðurlandi vestra

Heimild: Fiskistofa

Mynd 63 sýnir úthlutaðar aflaheimildir á Norðurlandi vestra fyrir helstu tegundir botnfiska. Aflaheimildir í heild hafa vaxið á þessu tímabili einkum í þorski en einnig allnokkuð í ufsa. Heimildir í karfa hafa heldur minnkað en þær eru svipaðar í ýsu í byrjun og enda tímabilsins.

Mynd 64 sýnir úthlutaðar aflaheimildir eftir stöðum án uppsjávartegunda. Heimildirnar eru nær eingöngu á Sauðárkróki þar sem þær hafa aukist einkum milli 2017 og 2018 og á Skagaströnd þar sem þær hafa farið hægt minnkandi.



Mynd 64 Úthlutuð þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Norðurlandi vestra eftir stöðum án uppsjávartegunda

Heimild: Fiskistofa

## 9. Stoðkerfi

### 9.1. Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt atvinnuþróunarfélögum hafa gengt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutasavísu. Í gildi eru samningar á milli Byggðastofnunar og átta landshlutasamtaka eða atvinnuþróunarfélaga um atvinnu- og byggðaðróun sem fjármagnað er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) nær til starfssvæðis sambandsins, sjö sveitarfélaga, sem aðild eiga að SSNV og hefur gildistíma frá 2018 til ársloka 2022. Samkvæmt samningi fékk SSNV greiddar 23,2 m.kr. árið 2018 og fær samtals 24 m.kr. árið 2019.

Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999 með síðari breytingum og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaaætlun og Sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félagsins m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Samkvæmt samningum er hlutverk SSNV m.a. að vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþættir
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun, samstarf o.fl.

Hlutverk Byggðastofnunar í samningunum er eins við öll landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Felst hlutverkið m.a. í faglegri aðstoð, samræmingu og

miðlun upplýsinga til allra samningsaðila og samstarfi við aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar. Þá hefur Byggðastofnun umsjón með sameiginlegum fundum og veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferða starfsmanna landshlutaskrifstofa og atvinnuþróunarfélaganna. Einnig þróar Byggðastofnun og leitast við að halda úti gagnagrunni á sviði byggðamála sem félögin hafa aðgang að.

Fyrir 15. desember ár hvert skilar SSNV til Byggðastofnunar starfsáætlun fyrir næstkomandi ár þar sem samþætta skal áherslur félagsins við markmiðasetningu og árangursmat. Í áætluninni skal gerð grein fyrir settum markmiðum, hvernig þau verði metin á næstkomandi ári og með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, þ.m.t. starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna. Þá skal SSNV skila fyrir lok maímánaðar ár hvert ársreikningi fyrir næstliðið ár og skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári þar sem fram koma frávik frá starfsáætlun ef einhver voru. Í árskýrslu skal koma fram mat á árangri samanber sett markmið í starfsáætlun næstliðins árs.

Á grundvelli samningsins sinnir SSNV atvinnuþróun meðal annars ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Þá er SSNV atvinnuþróun tengiliður á milli tækni- og þjónustustofnana og þeirra sem starfa að atvinnurekstri og atvinnumálum á Norðurlandi vestra. SSNV atvinnuþróun stendur einnig fyrir námskeiðahaldi og annarri fræðslustarfsemi og stuðlar að aukinni samvinnu fyrirtækja. Atvinnuráðgjafar SSNV atvinnuþróunar eru staðsettir á Hvammstanga, Skagaströnd og Sauðárkróki.

### 9.2. Sóknaráætlun

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggð- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaaætlun hverju sinni.

Sóknaráætlanir byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir.<sup>11</sup>

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Við gerð þessara samninga runnu saman vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Landshlutasamtökin annast umsýslu þeirra og auglýsa eftir umsóknum um styrki í það minnsta árlega. Þau skipa einnig úthlutunarnefnd.

Samkvæmt þriðju grein samninga um sóknaráætlanir landshluta skal marka stefnu í þessum málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Sóknaráætlun skal byggja á a.m.k. þremur stoðum:

<sup>11</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html)

<sup>12</sup> Sóknaráætlun Norðurlands vestra: [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f486-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f486-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74)

- Greiningu á stöðu svæðisins
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Skipa á samráðsvettvang þar sem tryggð er breið aðkoma úr samfélaginu og gæta skal aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn á að hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og koma saman í það minnsta árlega.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra<sup>12</sup> byggir á samningi milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 frá 10. febrúar 2015.<sup>13</sup> Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni rúmar 69,3 m.kr. frá áðurnefndum ráðuneytum á ári á tímabilinu. Frá sveitarfélögum á Norðurlandi vestra renna rúmar 7,4 m.kr. árlega til samningsins

Í sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 eru sett fram markmið og aðgerðir í þremur málaflokkum. Þeir eru:

- Nýsköpun og atvinnuþróun. Í þeim flokki eru sett fram sex markmið/aðgerðir.
- Lýðfræðileg þróun, fimm markmið/aðgerðir.
- Mannauður, níu markmið/aðgerðir.
- Menningarmál, tólf markmið/aðgerðir.

Alls hafa runnið tæpar 369,5 m.kr. til sóknaráætlunar Norðurlands vestra árin 2015-2018. Frá ríkinu hafa runnið til samningsins tæpar 339,8 m.kr. og tæpar 29,7 m.kr. koma frá sveitarfélögum á Norðurlandi vestra.

Á tímabilinu 2015-2018<sup>14</sup> hafa verið samþykkt 24 áhersluverkefni á Norðurlandi vestra. Frá sóknaráætlun hafa runnið rúmar 70,2 m.kr. til þessara 24 áhersluverkefna á Norðurlandi vestra á tímabilinu. Á sama tímabili voru

<sup>13</sup> [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f486-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f486-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74)

<sup>14</sup> Tölur eru til og með ársins 2018, þar sem þær liggja enn ekki fyrir vegna ársins 2019.

samþykktir styrkir úr uppbyggingarsjóði til 330 verkefna að heildarstyrkfjárhæð rúmar 272,2 m.kr.

Fjöldi fulltrúa í samráðsvettvangi á Norðurlandi vestra var 32 allt tímabilið. Víða hefur gengið illa að fá ungt fólk til að taka þátt í samráðsvettvangi og á Norðurlandi vestra var enginn fulltrúi undir 25 ára árin 2016-2018.

Þann 12. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga nýja samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024.

Norðurland vestra hefur þegar mótað sér fjögur meginmarkmið í nýrri sóknaráætlun 2020-2024<sup>15</sup> en þau eru:

- **Atvinnuþróun og nýsköpun:** Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins.
- **Menningarmál:** Menningar- og listalíf á Norðurlandi vestra dregur til sín gesti víða að og styður við íbúáþróun á svæðinu. Aðstæður til listsköpunar og viðburðahalds er með því besta sem gerist á landinu.
- **Umhverfismál:** Norðurland vestra verði til fyrirmyndar í umhverfismálum. Íbúar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög vinni markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hvetji til aukinnar sjálfbærni og endurvinnslu.
- **Menntamál og lýðfræðileg þróun:** Stunduð verði markviss skólaþróun á öllum skólastigum og nýting upplýsingatækni í skólastarfi verði öðrum til fyrirmyndar. Sérstaklega verði hugað að málefnum barna, barnafjölskyldna og eldri borgara á svæðinu.

---

<sup>15</sup>[http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/soknaraetlun/ssnv\\_sokn\\_skyrsla\\_net\\_.pdf](http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/soknaraetlun/ssnv_sokn_skyrsla_net_.pdf)